

Veiðifélag Eystri-Rangár  
Móeiðarhvoli 2  
861 Hvolsvöllur

Reykjavík, 28. september 2021  
UST202012-028/F.T.  
08.12.02

## Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 4. desember 2020 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er skráð var í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldisstöð Veiðifélags Eystri-Rangár, Eyjarlandi þann 22. september 2020. Rekstraraðili var áminntur með bréfi dags. 8. janúar 2021 en áminningin var afturkölluð þann 29. janúar sama mánuð.

Frávikið var eftirfarandi:

- 1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Rekstraraðili starfrækti rekstur í stöðinni án starfsleyfis en hjá Umhverfisstofnun var fyrirbyggjandi ófullnægjandi umsókn um starfsleyfi. Umhverfisstofnun sendi rekstraraðila upplýsingar, með tölvupósti þann 20. október 2020 þar sem leiðbeint var um þau gögn sem uppá vantar til að hægt sé að telja umsókn rekstraraðila um starfsleyfi fullnægjandi en engin frekari gögn höfðu borist stofnuninni frá rekstraraðila.

Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi fyrir Veiðifélag Eystri-Rangár, Eyjarlandi þann 23. júní sl. og telst frávikin því lokið.

Rekstraraðili var með starfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins sem gildi frá 2000-2010. Rekstri var hætt áður en leyfið rann út. Sótt var um starfsleyfi árið 2012 en með bréfi stofnunarinnar dags. 7. júní 2013 var var áformað að vísa umsókninni frá þar sem umsóknin var ófullnægjandi. Stofnuninni barst tilkynning um að starfsemi hefði hafist aftur í stöðinni og var það staðfest með eftirlitsferð af hálfu stofnunarinnar 14. júní 2013. Síðan þá hafa Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun átt í ýmis konar samskiptum, m.a. beitt þvingunarúrræðum, við rekstraraðila vegna leyfismála.

Umhverfisstofnun mun taka það til skoðunar að beita stjórnvaldssektum á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem rekstraraðili starfaði án starfsleyfis.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 118.800 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur